

KIRKJUGARÐARÁÐ

112. fundur haldinn mánudaginn 10. mars 2014 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Sigurður Skúli Sigurgeirsson nemi í tölvunfræði við H.Í.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á drögum að heimasíðu Kirkjugarðaráðs

Sigurður Skúli Sigurgeirsson nemi í tölvunarfræði í H.Í. kynnti. Lén heimasíðunnar verður: *kirkjugardarad.is*. Kirkjugarðaráð lýsti ánægju sinni með vinnuna. Stefnt er að því að opna heimasíðuna á næsta eða þar næsta fundi ráðsins

3. Beiðni KGA um álit vegna túlkunar á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Smári Sigurðsson kynnti. Fyrir liggur ágreiningur um túlkun á viðmiðunarreglum milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs. Samþykkt að Valtýr Valtýsson fari á fund Sambandsins ásamt Guðmundi Rafni og Þórsteini.

4. Skipan nefndar um fjármál kirkjugarða o.fl.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Þórsteinn átti fund með fulltrúum innanríkisráðuneytis í morgun til að kanna stöðu mála vegna nefndarskipunar. Málið mun skýrast fljótlega.

5. Frumvarp um breytingar á lögum um aukaverk presta

Ragnhildur Benediktsdóttir kynnti. Lögð voru fram bréfaskipti formanns KGSÍ, Þórsteins Ragnarssonar, og Kristjáns Björnssonar kjarafulltrúa P.Í.

6. Fjárlög 2014 – reikniverk frá fjármálaráðuneytinu

Tilkynning hefur borist frá fjármálaráðuneyti um að gerð hafi verið mistök við fjárlagagerðina sem nemur 4 milljónum króna sem dregnar verða frá fjárlögum 2014. Ákveðið var að breyta ekki einingarverði á yfirstandandi ári, heldur að taka það úr greftrunarsjóði. Lögð voru fram bréfaskipti formanns KGSÍ.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 14. apríl.

8. Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,

Kristín Huld Sigurðardóttir,

formaður

ritari